

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Fjölmarginir hefja sín fyrstu skref á vinnumarkaði með því að taka þátt í Vinnuskólum. Brynjar Örn Arnarson er einn af þeim en hann starfar hjá Vinnuskólanum á Húsavík í sumar. Mynd: Aðalsteinn Á. Baldursson.

Drullusyfjaður í brúnni



Togarajaxlarnir kunnu vel að meta heimboðið hjá Framsýn og þökkun kærlega fyrir sig.

Framsýn tók á móti gömlum togarajaxlunum sem komu til Húsavíkur í tilefni af Sail Húsavík. Togarajaxlarnir höfðu kvöldinu áður staðið fyrir árshátíð í Sjallanum á Akureyri og nutu þess svo daginn eftir að ferðast til Húsavíkur. Þar skoðuðu þér bæinn auk þess að þiggja kaffiboð á vegum Framsýnar.

Um 100 sjómenn ásamt mökum komu í kaffihlaðborðið. Margar góðar sögur voru sagðar af sjónum og frá einu borðinu mátti heyra, munið þið hvað kallinn var drullu syfjaður í brúnni?? Þá voru einnig nokkrar magnaðar sögur sagðar úr landlegum, ekki síst frá Húsavík.

Flestum kjarasamningum lokið



Hér má sjá starfsmenn á Hvammi greiða atkvæði um kjarasamning sveitarfélaga í síðustu viku. Samningurinn var samþykktur og gildir frá 1. júní 2011.

Um þessar mundir hafa aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna, Framsýn, Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur lokið að mestu kjarasamningsgerð fyrir félagsmenn. Í dag á eftir að ganga frá kjarasamningi við Bændasamtök Íslands vegna landbúnaðarverkamanna og þá

á eftir að ganga frá nokkrum vinnustaðasamningum á félagssvæðinu. Reiknað er með að sú vinna klárast í haust. Allir kjarasamningarnir sem félögin gengu frá hafa þegar verið samþykktir af félagsmönnum í atkvæðagreiðslum og hafa því tekið gildi.



Það hefur verið töluvert úlag á forsvarsmönnum og starfsmönnum stéttarfélaganna að undanförunni enda allir kjarasamningar lausir. Nú hefur hins vegar verið gengið frá þeim flestum. Formaður Starfsmannafélags Húsavíkur, Stefán Stefánsson, hefur m.a. tekið virkan þátt í viðræðum Samflotsins og Samninganejndar sveitarfélaganna.

Góður aðalfundur hjá Þingið



Myndtexti

Aðalfundur Þingiðnar fór fram 20. maí og var mæting á fundinn mjög góð en um 90 manns eru í félaginu. Staða félagsins er góð og töluverð starfsemi var á vegum þess á síðasta ári. Félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 4.787.671,- sem er 4,6% lækkun frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði námu kr. 937.452,- sem er heldur minna en árið áður en þá varð umtalsverð hækkun milli ára. Samkvæmt sameinuðum

rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 9.050.497,- og eigið fé í árslok 2010 nam kr. 178.097.091,- og hefur aukist um 4,3% að raungildi frá fyrra ári. Árið 2009 var hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 19.724.373,-. Formaður félagsins er Jónas Kristjánsson. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um starfsemi félagsins á heimasíðu þess, www.framsyn.is.

Góð afsláttarkjör

Við minnum félagsmenn stéttarfélaganna á afsláttarkjör hjá Olís – ÓB og N1. Leitið frekari upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarsbraut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6600 | Fax: 464 6601 | Framsyn.is

Gengið frá Vinnustaðasamningi



Það eru bressir starfsmenn sem starfa á skrifstofu Fjallalamb. Þetta eru þau Björn Víkingur, Rínar Þórarinnsson og Agústa Agústs dóttir.

Fulltrúar Framsýnar og Fjallalamb á Kópaskeri gengu frá vinnustaðasamningi fyrir helgina sem varðar störf og kjör starfsmanna við kjötvinnslu hjá fyrirtækinu. Það voru þeir Aðalsteinn formaður Framsýnar og Björn Víkingur Björnsson framkvæmdarstjóri Fjallalamb sem gengu frá

samningnum. Þeir sögðust báðir ánægðir með samninginn. Fulltrúar aðila munu svo funda aftur í haust vegna starfsmanna fyrirtækisins við sauðfjárslátrun en til stendur að gera viðbótarsamning við gildandi kjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Framsýnar-stéttarfélags.

Landbúnaðarverkamenn hækka

Þrátt fyrir að samningar um kaup og kjör landbúnaðarverkamanna milli Framsýnar og Bændasamtaka Íslands hafi ekki tekist hafa aðilar fallist á að mánaðarlaun

landbúnaðarverkamanna hækki um 12.000 krónur á mánuði frá 1. júní 2011 þar til gengið hefur verið frá kjarasamningi.

Forsetabílstjóri í einn dag



Það er ekki öllum sem blótast á mikli beidur að vera forsetabílstjóri í einn dag. Þegar forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff beidduðun bátidarböldin á Húsavík þann 1. maí með nærveru sinni var Garðar Jónasson fenginn til að vera einkabílstjóri þeirra hjóna. Garðar er þittur góður og skilaði blutverki sínu með miklum sóma.

Vissir þú að!!

Þú nálgast fréttir, upplýsingar og annan fróðleik á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarsbraut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6600 | Fax: 464 6601 | Framsýn.is

Vinnuskólinn í heimsókn



Það er alltaf jafn ánægjulegt að fá ungt fólk í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna til að kynna sér starfsemi félaganna og vinnumarkaðsmál. Á dögunum kom hópur úr Vinnuskólanum á Húsavík í heimsókn og var þeim vel tekið. Hópurinn var liflegur og spurði út í hitt og þetta er tengist starfsemi stéttarféлага og þeirra málum í Vinnuskólanum. Til viðbótar má geta þess að fulltrúar Verkalýðsfélags Þórshafnar voru einnig nýlega með fræðslu fyrir vinnuskólabörn í Langanesbyggð. Farið var yfir tilgang og markmið stéttarféлага og helstu atriði kjarasamninga er varða þá sem eru að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Kynningin á Þórshöfn tókst vel og er orðin áhrif í starfsemi félagsins.

Snæbjörn tekur við nýju starfi hjá Norðurþingi

Snæbjörn Sigurðarson sem starfað hefur í nokkur ár hjá Skrifstofu stéttarfélaganna sem skrifstofustjóri hefur verið ráðinn verkefnastjóri hjá sveitarfélaginu Norðurþingi í tengslum við uppbyggingu á orkufrekum iðnaði í héraði. Hann mun því láta af störfum hjá stéttarfélagunum í haust. Leit að nýjum manni er hafin og er áhugasömum bent á að hafa samband við forstöðumann Skrifstofu stéttarfélaganna, Aðalstein Á. Baldursson.



Snæbjörn Sigurðarson.

Nýtt Viðbótar gleraugnastyrkur



Framsýn hefur samið við Augað í Kringlunni, sem er ein af virtari gleraugnabúðum landsins, um góð afsláttarkjör fyrir félagsmenn, það er 15%. Félagsmenn sem vilja nýta sér kjörin eru beðnir um að setja sig í samband við

Skrifstofu stéttarfélaganna. Þar fá þeir staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn sem þeir framvísa svo þegar þeir kaupa gleraugin. Til viðbótar eiga svo fullgildir félagsmenn rétt á gleraugnastyrk frá Framsýn.

Vinnustaðaskírteini og eftirlit með þeim



Samtöke atvinnulífsins, samtöke ferðaþjónustuaðila, Ríkisskattstjóri og stéttarfélagin hafa stórbært eftirlit með svartri atvinnustarfssemi.

Á síðasta ári tóku gildi lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Vinnustaðaskírteinum er ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfssemi og undirboðum á vinnumarkaði en mikilvægt er að öll fyrirtæki sitji við sama borð og fari að settum reglum. Til að fylgja þessum málum eftir eru starfandi eftirlitsfulltrúar um land allt sem sinna reglubundnum heimsóknum í fyrirtæki sem heyra undir lög um vinnustaðaskírteini. Eftirlitsfulltrúi með vinnustaðaskírteinum í Pingeyjarsýslum er Snæbjörn Sigurðarson, skrifstofustjóri stéttarfélaganna, og hefur hann að undanfögnu heimsótt fjölmarga vinnustaða á svæðinu til að kynna og kanna notkun vinnustaðaskírteina. Atvinnurekendur og starfsmenn þeirra sem vinna við byggingastarfssemi og mannvirkjagerð, rekstur gististaða eða veitingarekstur skulu bera slík skírteini og geta framvísað þeim við eftirlitsfulltrúa sé þess óskað. Nokkuð misjafnt hefur verið á milli fyrirtækja hvort starfsmenn hafi verið komnir með skírteini en flestir hafa verið með þessi mál í góðum farveg. Má þar nefna að veitingahúsið Salka á Húsavík var til fyrirmyndar og gátu allir starfsmenn Sölu framvísað löggildu vinnustaðaskírteini þegar eftir því var leitað þegar farin var eftirlitsferð um Húsavík á dögunum.

Fleiri eftirlitsferðir eru á dagskránni í sumar en farið verður um allt félagssvæði stéttarfélaganna, allt frá Vaðlaheiði austur á Þórshöfn til að kanna notkun vinnustaðaskírteina. Alþýðusamband Íslands, samtök atvinnulífsins og Ríkisskattstjóri munu ráðast í sérstakt átak í sumar til þess að hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að samningum sín í milli. Fulltrúar aðilanna þrígga munu heimsækja vinnustaði, kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir. Athyglinni verður sérstaklega beint að litum og meðalstórum fyrirtækjum og áhersla lögð á að svört atvinnustarfssemi, undanskot á launatengdum gjöldum og brot á kjarasamningum séu skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi og samfélagið í heild sinni. Allir forráðamenn atvinnurekstrar á svæðinu eru hvattir til að hafa tekjuskráningu sína í lagi og alla starfsmenn skráða. Jafnframt að nota vinnustaðaskírteini þar sem það á við og fara að lögum um færslu bókhalds og skil á staðgreiðslu, virðisaukaskatti og öðrum lögboðnum gjöldum. Nánari upplýsingar um vinnustaðaskírteini má finna á heimasíðunni www.skirteini.is.

Bústaðurinn eins og nýr



Framsýn hefur látið gera nokkrar lagfæringar á bústað félagsins í Dranghólaskógi í Öxarfirði. Búið er að mála hann að utan og laga aðgengi að honum. Auk þess er búið að setja upp rólu fyrir ungu kynslóðina. Það voru verktakarnir Guðmundur Halldórsson málarameistari og Garðvirk ehf. sem sáu um framkvæmdirnar. Bústaðurinn er nú kominn í legu fram á haustið. Mikil ástæða er í bústaðinn sem þarf ekki að koma á óvart enda á mjög fallegum og skjólsömum stað.

Bóbi og Óskar heiðraðir



Heiðursmennirnir Kristbjörn Arnason og Óskar Karlsson eru hér ásamt eiginkonum Ósk Þorkelsdóttur og Birnu Sigurbjörnsdóttur.

Sjómannadeild Framsýnar stóð fyrir heiðrun á sjómannadaginn á Húsavík. Í ár voru tveir skipstjórnarar sem markað hafa djúp spor í samfélagið með dugnaði og eljusemi heiðraðir.

Það voru þeir Óskar Karlsson og Kristbjörn Þór Arnason. Athöfnin fór fram í Sjómannadagskaffi Slysavarnardeildar kvenna á Húsavík.



Erna Þorvaldsdóttir sem fædd var 5. júlí 1936 var jarðsungen frá Húsavíkurkirkju 9. júní 2011. Erna starfaði lengi að verkalyðsmálum sem trúnaðarmaður starfsmanna á Sjúkrahúsi Húsavíkur auk þess sem hún var í aðalstjórn Verkalyðsfélags Húsavíkur frá árinu 1982 til ársins 1989. Ernu eru þökkud vel unnin störf í þágu verkafólks í Pingeyjarsýslum. Þá er eftirlifandi maka, Davíð Gunnarssyni og fjölskyldu vottuð samúð.



Haukur Tryggvason var jarðsungen frá Húsavíkurkirkju 10. júní 2011 en hann fæddist 31. mars 1949. Haukur starfaði um árabíl í trúnaðarmannaráði Framsýnarstéttarfélags auk þess að sitja í stjórn sjúkrasjóðs félagsins. Haukur var mjög virkur í starfi Framsýnar til síðasta dags og verður hans sárt saknað úr starfi félagsins. Framsýn vottar Sigrúnu Kjartansdóttur og fjölskyldu innilegrar samúðar við fráfall Hauks Tryggvasonar.

Miðar í göngin fyrir félagsmenn

Rétt er að árétta að afsláttarmiðar í

Hvalfjardargöngin sem eru til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn. Þrátt fyrir að Spölur hafi tekið ákvörðun um að hækka miðaverðið í göngin verða þeir áfram til sölu hjá stéttarfélagunum á sama verði og verið hefur kr. 600.

Fullt verð í dag er kr. 1.000. Félagsmenn spara sér því töluverða peninga með því að kaupa miðana hjá stéttarfélagunum.

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum



Húsfyllir á aðalfundi

Húsfyllir var á fjörugum aðalfundi Framsýnar- stéttarfélags sem haldinn var í lok mars. Miklar umræður urðu á fundinum um kjaramál og starfsemi félagsins. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með störf félagsins og fengu stjórnarmenn og starfsfólk félagsins einróma lof fyrir störf sín en afkoma félagsins var góð á síðasta ári og er staða félagsins mjög sterk. Hér koma nokkrar upplýsingar sem lagðar voru fram á fundinum:

304 félagsmenn fengu námsstyrki á síðasta ári

Framsýn leggur mikið upp úr starfsmenntun félagsmanna. Á árinu 2010 fengu 304 félagsmenn greiddar 6.733.899,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Þetta er þó nokkuð hærri upphæð en árið á undan þegar 249 félagsmenn fengu greiddar kr. 5.995.840,- í námsstyrki. Af þessum 304 félagsmönnum sem fengu styrki voru konur 192 og karlar 112. Þar af fengu 126 einstaklingar greidda styrki úr Landsmennt, samtals greiðsla kr. 3.161.553,-. Alls fengu 13 félagsmenn styrki úr Sjómennt kr. 716.687,-. Úr Ríkismennt fengu 14 félagsmenn styrki kr. 333.021,-. Úr fræðslusjóði verslunarmanna fengu 32 félagsmenn styrki að upphæð kr. 823.403,-. Að endingu fengu 55 félagsmenn styrki úr Sveitamennt kr. 1.130.714,-. Til viðbótar má geta þess að 9 félagsmenn fengu sérstaka styrki úr Fræðslusjóði Framsýnar kr. 190.659,- og getið er um í ársreikningum félagsins. Fræðslusjóðirnir eru fjármagnaðir með framlögum frá fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum sbr. ákvæði kjarasamninga.

Um 157 milljónir greiddar í atvinnu- leysisbætur

Á árinu 2010 var atvinnuástandið á félagssvæði Framsýnar heldur bágborið en þó töluvert betra en á árinu 2009. Þá fengu félagsmenn greiddar kr. 176.741.379,- í atvinnuleysisbætur. En á síðasta ári voru greiðslurnar samtals kr. 157.801.508,- sem er lækkun um 19 milljónir milli ára sem er jákvætt. Síðasta vetur voru að meðaltali um 170 manns án atvinnu á félagssvæðinu. Um helmingur þeirra hefur verið á Húsavík. Ekki er að sjá að breyting verði á til batnaðar þrátt fyrir endalaus loforð stjórnmálamanna um að allt sé að fara gerast á okkar svæði sbr. yfirlýsingu iðnaðarráðherra nýverið.

Um 23% aukning á greiðslum úr

sjúkrasjóði milli ára

Á árinu 2010 nutu 700 félagsmenn Framsýnar bóta úr sjúkrasjóði félagsins en voru 663 árið 2009. Samtals námu greiðslur vegna



sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 19.411.915,-. Sambærileg tala fyrir árið 2009 er kr. 15.809.507,-. Samkvæmt þessum tölum varð töluverð hækkun á útgjöldum sjóðsins milli ára eða um 23%. Það sem af er þessu ári er einnig mikið útstreymi úr sjóðnum. Þá er rétt að geta þess að sjúkradagpeningar til félagsmanna vegna veikinda vega þyngst í útgjöldum sjóðsins eða kr. 9.980.049,-.

Brim hf. bæsti greiðandinn

Meðfylgjandi er nokkuð forvitnilegur listi. Utgerðarfyrirtækið Brim hf. er nú orðinn hæsti greiðandinn til Framsýnar og hefur náð fyrsta sætinu af GPG-Fiskverkun sem þar var áður árið 2009. Brim hf. greiddi samtals 6.322.731,- í iðgjöld til félagsins árið 2010.

Innifalið í upphæðinni eru félagsgjöld starfsmanna og iðgjöld fyrirtækisins í sjóði Framsýnar. Þrír efstu launagreiðendurnir skera sig nokkuð úr varðandi greiðslur til félagsins. Þá er það gleðilegt að Vinnumálastofnun sem var í fimmta sæti í fyrra hefur fallið út af topp 10 listanum en frá Vinnumálastofnun berast greiðslur af atvinnuleysisbótum. Brim hf. rekur eitt fyrirtæki á félagssvæði Framsýnar sem er Laugafiskur í Reykjadal. Þá er hópur sjómanna á skipum fyrirtækisins farinn að greiða félagsgjöld til Framsýnar sem skýrir það að Brim hf. er nú orðinn stærsti greiðandinn til Framsýnar.

Listinn góði eftir greiðendum: Brim hf., G.P.G. fiskverkun, Norðurþing, Norðlenska matarborðið ehf., Ríkissjóður Íslands, Vísir hf., Hvammur heimili aldraðra, Pingeyjarsveit, Jarðboranir hf., Eimskip Íslands ehf.

Þrátt fyrir kreppu fjölgar þeim fyrirtækjum sem greiða til Framsýnar

Alls greiddu 2040 félagsmenn til Framsýnar- stéttarfélags á árinu 2010 en greiðandi félagar voru 1962 árið 2009. Samkvæmt samþykkt stofnfundar félagsins frá 1. maí 2008 er ekki lengur miðað við sérstakt lágmarksgjald svo menn teljist fullgildir félagsmenn heldur teljast þeir félagsmenn sem greiða til félagsins á hverjum tíma og ganga formlega í félagið. Um síðustu áramót voru gjaldfrjálsir félagsmenn samtals 210, það eru aldraðir og öryrkjar. Þá má geta þess að 327 launagreiðendur greiddu til félagsins á síðasta ári og fjölgaði þeim um 30 milli ára. Félagsmenn þann 1. janúar 2011 voru því samtals 2250 en voru árið áður 2169.

Haflíði heiðraður



Á aðalfundi Framsýnar var baráttumaðurinn Haflíði Jósteinsson heiðraður fyrir vel unnin störf í þágu verkafólks í Pingeyjarsýslum. Haflíði tók þátt í að stofna Verslunarmannafélag Húsavíkur árið 1964. Frá þeim

tíma hefur hann verið viðloðandi starf félagsins, þar af sem formaður félagsins í tvö ár. Frá sameiningu Verslunarmannafélagsins og Verkalýðsfélags Húsavíkur 2008 hefur hann setið í stjórn Deildar Verslunar- og skrifstofufólks þar til nú að hann ákvað að draga sig í hlé. Haflíði gegndi einnig trúnaðarstörfum fyrir Landssamband ísl. Verslunarmanna um tíma. Á aðalfundinum voru Haflíða færðar nokkrar gjafir frá félaginu fyrir vel unnin störf í þágu verslunarmanna og Framsýnar. Með honum á myndinni er eiginkona hans Laufey Jónsdóttir sem lengi starfaði fyrir Verkalýðsfélag Húsavíkur.

Fagna ályktun Framsýnar



Lögreglumennirnir og heiðursmennirnir Sigurður Brynjúlfsson og Skarphéðinn Aðalsteinsson komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna til að taka við ályktun aðalfundar Framsýnar um löggæslumál í héraðinu. Þeir voru afar ánægðir með hana og þökkðu vel fyrir stuðninginn. Í ályktuninni er meðal annars skorað á ráðamenn þjóðarinnar að auka þegar í stað fjármagn til löggæslu á svæðinu svo hún standi undir nafni og auki þannig öryggi íbúanna og þeirra sem sinna löggæslustörfum á hverjum tíma.

Sumarkaffi á Raufarhöfn

Framsýn stóð fyrir sumarkaffi á Kaffi Ljósfangi í byrjun júní. Um 130 gestir komu og báðu veitingar auk þess að spjalla við formann félagsins, Aðalstein Á. Baldursson, sem var á staðnum. Nokkrar félagskonur og vinkonur á Raufarhöfn sáu um kaffið og Heimabakarí á Húsavík lagði til tertuna. Gestirnir lýstu

yfir ánægju sinni með framtak félagsins að standa fyrir kaffiboði á Raufarhöfn. Ástæða er til að þakka Raufarhafnarbúum fyrir komuna og öllum þeim sem komu að kaffinu fyrir þeirra hlut. Hér fylgja svo með nokkrar myndir sem teknar voru í kaffiboðinu.



Skoðuðu álverið á Reyðarfirði



Það eru hvernig á jarðriki til falletti iðnaðarmenn en í Þingeyjarsýslum eins og myndin ber með sér. Hér er hópurinn sem gerði sér ferð á Reyðarfjörð til að skoða álverið á staðnum sem er í eigu Alcoa. Fyrirtækið hefur til skoðunar að byggja álver á Bakka við Húsavík.

Um tuttugu félagsmenn Þingiðnar fóru til Reyðarfjarðar til að skoða álver Alcoa á Reyðarfirði. Ljóst er að félagsmenn Þingiðnar binda miklar vonir við að Alcoa reisi svipað álver á Húsavík á næstu árum. Þess vegna var ákveðið að standa fyrir kynnisferð austur á firði til að skoða álverið. Forsvarsmenn

Alcoa tóku vel á móti gestunum úr Þingeyjarsýslum og fengu þeir góða leiðsögn um fyrirtækið og starfsemi þess. Þá má geta þess að félagið Þingið varð nýlega 10 ára gamalt en félagið var sameinað úr tveimur félögum á sínum tíma, Bmf. Árvakri og Sveinafélagi Járniðnaðarmanna.

Ísfélag Vestmannaeyja heiðrað



Siggeir og Rafn með verðlaunin góðu en þeir stjórna starfsemi Ísfélagsins á Þórshöfn.

Hvatningarverðlaun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga voru nýlega afhent í tíunda sinn. Að þessu sinni hlaut Ísfélag Vestmannaeyja hf. viðurkenninguna "fyrir öfluga uppbyggingu í grunnatvinnuvegi á svæðinu sem skiptir sköpum um þróun og velferð samfélagsins" eins og segir í verðlaunaskjalinu. Frá því að Ísfélagið hóf rekstur á Þórshöfn í upphafi árs 2007 hefur það fjárfest fyrir á annan milljarð króna, það er í vinnslubúnaði

fyrstihúss og fiskimjölsverksmiðju. Auk þess byggði Ísfélagið upp 4000 tonna frystiklefa á Þórshöfn. Ísfélagið hefur aukið starfsemina á Þórshöfn jafnt og þétt frá því að fyrirtækið eignaðist Hraðfrystistöð Þórshafnar. Forsvarsmenn Ísfélagsins á Þórshöfn sem tóku við viðurkenningunni þökkðu fyrir hana og sögðu hana hvetja fyrirtækið til áframhaldandi góðra verka á Þórshöfn.

Atvinnuleysisbætur hækka

Í nýafstöðnum kjarasamningum lagði verkalyðshreyfingin ríka áherslu á að lífeyrisþegum og atvinnuleitendum yrðu tryggðar sambærilegar kjarabætur og launafólki. Velferðarráðherra varð

við þessum óskum og hefur nú kynnt hækkunir á bótum almanna- og atvinnuleysistrygginga. Hækkunirnar taka mið af þeim hækkunum sem samið var um á almenna vinnumarkaðnum í júní.

Óvissuferð til Færeyja Hreinsað til á Húsavík



Það var mikið um veislur og móttökur í boði stéttarfélaganna í Færeyjum.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnarfóru í heimsókn til Færeyska Verkamannasambandsins (Foroya Arbeidarafelag). Fulltrúarnir fóru á eigin vegum. Færeyingarnir skipulögðu frábærar móttökur auk þess sem þeir færðu öllum gestunum frá Íslandi veglegar gjafir. Meðan á ferðinni stóð, buðu nokkur stéttarfélög í Færeyjum fulltrúum Framsýnar í hádegis- og kvöldverði. Í Færeyjum fengu stjórnendur Framsýnar líka mjög góða kynningu á réttindum og skyldum verkafólks í Færeyjum auk þess sem komið var inn á starfsemi stéttarféлага í Færeyjum. Íslensku fulltrúarnir fengu líka góða kynningu á atvinnulífinu

og heimsóttu meðal annars í því sambandi fiskimjölsverksmiðjuna Havsbrún í Fuglafirði sem er í miklum og góðum viðskiptum við Íslendinga. Allir sem fóru í ferðina voru sammála um að hún hefði tekist afar vel og gestrisni frænda okkar í Færeyjum hefði verið með ólíkindum. Reyndar tók að gjósa á Íslandi meðan á ferðinni stóð þannig að fulltrúarnir urðu að skipta um ferðaáætlun heim. Til stóð að fljúga heim til Íslands en vegna eldgossins urðu félagarnir í Framsýn að taka Norrænu til Seyðisfjarðar í brjáluðu sjóveðri. Þrátt fyrir leiðinda veður komust allir heim á endanum sælir og glaðir eftir velheppnaða ferð.



Það var frábært veður á Húsavík fyrir helgina og því voru allir í sólskinsskapi. Nokkrir unglingar úr Vinnuskólanum voru meðal annars að fegra bæinn. Meðfylgjandi myndir voru teknar við það tækifæri. Húsvíkingar vonast eftir góðu veðri næstu daga enda stendur hátíðin Sail Húsavík yfir og um helgina hefjast svo Mærudagar sem eru ómissandi þáttur í bæjarlífinu á Húsavík á hverju ári.



Attention!

Framsýn-union has signed a series of collective agreements for the majority of its members that are valid until the year 2014. According to the agreements all wages will rise from 1. June. The minimum increase in the next three years will in total be kr. 34.000,-. In accordance in the private labor market agreement, all wages were to increase on 1. June 2011. The general wage rise is 4,25%, wage tables increase was 12.000,- and the income guarantee for full time work is now 182.000 kr. per month. Special payments (because how late the agreement was made) For full time workers in the months March – May will be paid a single payment 50.000 kr. Workers who left employment in April or who are in part time work will be paid proportionally according to time worked in March and April. Workers who started to work in April and are working on May 5 will be paid

proportionally according to time worked in March and April.

Special payment in addition to the Vacation supplement in 2011: 10.000 kr.

Special payment in addition to the December supplement in 2011: 15.000 kr.

Framsýn- union members who are employed by the state and municipalities will also receive a wage rise from 1. June and special payments for time worked in March-May. All members of Framsýn-union are encouraged to check their pay-slips to make sure they have received the agreed increase in wages.

For further information, please contact the Framsýn- union office at Garðarsbraut 26 in Húsavík. Phone number: 464-6600 E-mail: framsyn@framsyn.is



Það er víða fallegt í Færeyjum. Fulltrúum Framsýnar var boðið í skoðunarferðir um Færeyjar þegar þeir voru þar á ferð. Hér eru Ósk, Valgeir og Agúst að skoða sig um í Færeyjum.



Hópurinn frá Framsýn við fiskimjölsverksmiðjuna Havsbrún í Fuglafirði sem er vinabær Húsavíkur.

Vel heppnuð orlofsferð Allt á fullu á Laugum



Hér eru nokkrir af þeim sem fóru í ferðina við fallega náttúruperlu.

Stéttarfélagin stóðu fyrir orlofsferð um Norðausturland dagana 28.-29. maí og fór á þriðja tug félagsmanna í ferðina sem heppnaðist vel í alla staði. Farið var í Mývatnssveitina og kíkt í Dimmuborgir, Grjótagjá og Námaskarð. Meirihluti þeirra sem fóru í ferðina eru félagsmenn frá Póllandi sem hafa lítið skoðað þetta svæði og fannst þeim mjög spennandi að sjá þessar náttúruperlur í fyrsta sinn. Þrátt fyrir votviðrisspá rættist úr á Möðrudalsræfunum og gat ferðafólkið viðrað sig á áningastað í Möðrudalnum þar sem alla jafna er gott útsýni yfir Herðubreið. Drottning íslenskra fjalla hafði þó sveipað sig þokuslæðum og neitaði að sýna sig í þetta skiptið. Áð var á Egilsstöðum áður en haldið var upp með Lagarfljótnu áleiðis að Skriðuklaustri. Þegar tilkynnt var í rútunni að á leiðinni yrði ekið í gegnum stærsta skóg á Íslandi, Hallormsstaðarskóg, fannst Pólverjunum ekki mikið til koma, enda flestir uppaldir í grennd við „alvöru“ skóga í Póllandi. Hallormsstaðarskógurinn kom þeim þó skemmtilega á óvart og höfðu nokkur þeirra orð á því að skógurinn minnti þau á sum landsvæði í Póllandi. Á

Skriðuklaustri var hópnum skipt upp, sumir fengu sér kaffi og kökur á meðan aðrir meðtóku fræðslu um fornleifauppgroft sem þar hefur verið í gangi undanfarin ár auk þess að kynna lífi og verkum Gunnars Gunnarssonar rithöfundar sem bjó á Skriðuklaustri. Um nóttina var svo gisti á Hótel Tanga á Vopnafirði í góðu yfirlæti. Daginn eftir var ekið áleiðis til Bakkafljarðar og Þórshafnar. Góður andi var í mannskapnum þrátt fyrir þokusúld og kulda fram eftir morgni. Eftir stutt stopp á Þórshöfn var lagt á Hófaskarðið og svo tekist á við hádegisverðarhlaðborð á Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn. Að loknum hádegisverði fylgdi Erlingur hóteltjóri hópnum upp í heimskautagerðið sem verið er að reisa skammt frá þorpinu. Kópasker var næsti viðkomustaður og þar heilsaði hópnum feitur selur á steini. Að lokum var tekið stutt ferðahlé í Ásbyrgi áður en hópurinn skilaði sér aftur til Húsavíkur seinni partinn á sunnudag. Þrátt fyrir leiðindi í veðrinu voru ferðalangarnir himinlifandi með ferðina, enda frábær andi í hópnum og flestir búnir að fá tækifæri til að upplifa eitthvað alveg nýtt.

Fréttaritari Fréttabréfsins heimsótti Fosshótel Laugar fyrir helgina. Þar var allt á fullu og voru starfsmenn ánægðir með sumarið þrátt fyrir leiðinda tíð. Starfsmennirnir í gestamóttökunni voru að taka á móti fullum rútum af fólki og starfsfólki í eldhúsinu og borðsalnum var að útbúa glæsilegan kvöldverð fyrir gesti kvöldsins. Reiknað er með að um 2300 gestir komi til með að gista á hótelinu í sumar, sé miðað við bókanir sem liggja fyrir.



Sorin M. Lazár hóteltjóri og Dagný Hulda voru að taka á móti fullum rútum af gestum.



Íris Baldvinsdóttir sem stjórnar eldhúsinu er úr Skagafirði og kann að elda frábæran mat. Ummurinn úr eldhúsinu var einstaklega góður.



Rakel Ösp Adalsteinsdóttir er borkudugleg en hún starfar í eldhúsinu á hótelinu með Írisi.



Landsliðið: Ugla Stefanía, Patrik, Ástrós, Steingerður og Laufey voru við störf í borðsalnum. Þau voru ánægð með lífið og tilveruna.

Líf og fjör í Vinnuskólanum



Fulltrúar Framsýnar voru á dögnum á ferð um félagssvæðið og komu víða við. Á Kópaskeri bittu þeir fyrir unglinga úr Vinnuskóla Norðrúpings ásamt flokksstjóra. Þau voru ánægð með lífið enda gott veður eftir heldur leiðinlega tíð.

Líf og fjör í leikskólanum í Mývatnssveit



Fallegur hópur barna ásamt starfsmönnum.

Það var allt á fullu í leikskólanum í Reykjaflíð þegar formaður Framsýnar var þar á ferð. Reyndar

voru sum yngri börnin sofandi meðan þau eldri léku sér með starfsmönnum leikskólans.

Er stórt - hagkvæmt og gott?



Á aðalfundi Framsýnar, sem haldinn var á dögnum, fengu formaður, stjórn og starfsmenn þakkir fyrir vel unnin störf. Meðal annars var þakkaður stöðugur og aðhaldssamur rekstur, styrkur fjarhagur félagsins og mjög góð ávöxtun fjármuna félagsins til fjölda ára. Á ársreikningnum mátti sjá að áfram er mikil ráðdeild í rekstri félagsins og ávöxtun fjármuna félagsins var með afbrigðum góð, líkt og verið hefur undanfarin ár. Þennan árangur ber að þakka stjórnendum félagsins, sem ekki hafa látið glepast af ýmsum gylliboðum fjármálafrýrtækjanna og annarra aðila, sem mörg undanfarin ár hafa boðið þjónustu sína og haft uppi loforð um áhættulitla eignastýringu, byggða á þrautreyndum aðferðum og lúta stjórn velmenntaðra hálaunaðra reyndra starfsmanna þessara fyrirtækja. Þessi leið átti að sjálfsögðu að gefa töluvert stöðugri og betri ávöxtun en sú stefna sem stjórn Framsýnar hefur kosið að fylgja en sú hefur ekki orðið raunin. Stjórn þessa frekar litla stéttarfélags skipa m.a. fiskverkafélök, búfræðingur, félagsliði, um-

sjónarmaður mótuneytis, bensín-afgreiðslumaður, gjaldkeri, bormaður, öryrki, tryggingafulltrúi, starfsmaður við umönnun, starfsmaður við ræstingu, stuðningsfulltrúi, tækjamaður, fulltrúi, fiskeldisfræðingur, húsvörður, sölumaður og verkamaður í kjötið. Hópurinn á það sammerkt að vera vanur að afla hóflegra launa og þurfa að sýna ráðdeild og útsjónarsemi til að ná endum saman í heimilisrekstrinum. Hópurinn hefur haft þá stefnu að vera ekki að taka áhættu í rekstri eða ávöxtun og sneiddi þannig frá stórtöpum liðinni ára.

Sú hagfræði heimilisins sem þessi hópur hefur fylgt s.l. ár hefur auðsáanlega nýst félagsmönnum Framsýnar vel, félagsmenn njóta sífellt betri þjónustu og réttinda hjá einum af þessum litlu stéttarfélögum sem eru á landsbyggðinni.

Á aðalfundi Framsýnar var samþykkt í tilefni 100 ára afmælis félagsins að halda veglega upp á afmælið með afmælisveislu 1. maí og gefa hverjum félagsmanni afmælisgjöf kr. 10.000, á þessum merku tímamótum.

Ársfundur Stapa



Fulltrúar Framsýnar og Þingidnar á fundinum en um 80 fulltrúar frá stéttarfélögum og atvinnurekendum á starfssvæði Stapa tóku þátt í fundinum.

Stapi, lífeyrissjóður boðaði til ársfundar í maí í Skjólbrekku í Mývatnssveit. Um 80 fulltrúar frá atvinnurekendum og launþegum á starfssvæði sjóðsins tóku þátt í fundinum. Fundurinn fór vel fram þrátt fyrir skiptar skoðanir um lífeyrissjóðsmál og ákvörðun fundarins að lækka greiðslur til sjóðsfélaga. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um starfsemi sjóðsins inn á heimasíðu hans [www.stapi.is](http://stapi.is). Framsýn og Þingidn áttu 11 fulltrúa á fundinum. Fyrir fundinn komu fulltrúar Framsýnar saman til vinnufundar til að fara yfir helstu málefni fundarins. Tillögum hópans var síðan komið á framfæri við fundinn. Ein tillaga Framsýnar náði ekki í gegn sem er umhugsunarefni og reyndar óskiljanlegt. Tillagan er svohljóðandi:

„Ársfundur Stapa – lífeyrissjóðs, haldinn í Mývatnssveit 12. maí 2011, samþykkir að beina því til

stjórnar sjóðsins að undirbúa og leggja fram á næsta ársfundi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, sem innifeli áskilnað um að stjórnarmenn Stapa séu virkir sjóðsfélagar (virkir greiðendur eða lífeyrisþegar) og hámarkstími stjórnarsetu verði 8 ár (margir sjóðir hafa þegar tekið upp þessa reglu).„

Það er mjög athyglisvert að ársfundurinn skyldi ekki samþykkja að fela stjórn sjóðsins að móta reglur varðandi þessi tvö atriði, það er hámarkstíma stjórnarsetu og að það verði áskilið að stjórnarmenn Stapa séu virkir sjóðsfélagar. Margir lífeyrissjóðir hafa t.d. reglur um hámarkstíma stjórnarsetu en meirihluti fundarmanna á ársfundinum taldi ekki ástæðu til að viðhafa slíka reglu hjá Stapa. Dæmi eru um að menn hafi setið í áratugi í stjórn án þess að sjá ástæðu til að hleypa öðrum að.

Heimsókn í Reykjahlíðarskóla



Snæbjörn Sigurðarson starfsmaður Skrifstofu stéttarfélaganna fór í vor í heimsókn í Reykjahlíðarskóla. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræða nemendur skólans um starfsemi stéttarfélaganna. Snæbirni var vel tekið enda börnin í

Reykjahlíðarskóla fróðleiksfús. Stjórnendur grunn- og framhaldsskóla sem vilja fá talsmenn stéttarfélaganna í heimsókn næsta vetur eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

Góður andi á aðalfundi VÞ

Aðalfundur Verkalyðsfélags Þórshafnar var haldinn í Íþróttahúsinu á staðnum 4. maí 2011. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf. Ekki var mætingin

alveg til að hrópa húrra fyrir en þeir sem mættu voru leystir út með gjöfum í tilefni af 85 ára afmæli félagsins á árinu. Auk þess varð boðið upp á veglegt kaffihlaðborð.



Kristín Kristjánsdóttir starfsmaður félagsins er hér í ræðustól.

Afmælisblað og hátíð til fyrirmyndar

Hátíðarhöldin 1. maí voru vegleg að vanda eins og fram kom í afmælisblaði Framsýnar sem gefið var út í tilefni af 100 ára afmæli stéttarbaráttu í Pingeyjarsýslum. Yfir þúsund gestir komu í Íþróttahöllina á Húsavík þar sem hátíðin fór fram. Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson og forsetafrú heiðruðu samkomuna. Stéttarfélagin; Framsýn, Pingið, og Starfsmannafélag Húsavíkur vilja þakka öllum þeim sem lögðu leið sína í höllina fyrir þátttökuna. Auk þess fá allir þeir sem komu fram á hátíðinni sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag. Þá er ástæða til að þakka Jóhannesi Sigurjónssyni sem ritstýrði Fréttabréfi stéttarfélaganna fyrir hans vinnu og félögum hans



hjá Prentstofunni Örsk sem sáu um uppsetningu og prentun á blaðinu. Afmælisblaðið hefur fengið mjög góðar viðtökur hjá lesendum.

Ánægð með LS – þáðu kaffi og tertu



Órn Pálsson starfsmaður Landssambands smábátaeigenda, sem attaður er frá Ásgarði á Húsavík, er hér ásamt Áðalsteini við málverk af beiðursmanninum Jósteini Finnþórgasyni. Jósteinn gerði lengi út trillu frá Húsavík og málverk af bonum er í höfuðstöðvum landssambandsins í Reykjavík. Myndin er tekin eftir undirritun kjarasamnings LS og Framsýnar.

Samninganefnd Framsýnar gekk nýlega frá kjarasamningi við (LS) Landssamband smábátaeigenda um ákvæðisvinnu starfsmanna við línu og net. Samningurinn gildir frá 1. júní 2011 til 31. janúar 2014. Formaður Framsýnar sagði samninginn góðan fyrir umbjóðendur sína. Þá hefði náðst að semja um kauptryggingu fyrir beitningamenn upp á kr. 204.345,-. Markmið félagsins í yfirstandandi kjaraviðræðum við atvinnurekendur hefði verið að tryggja félagsmönnum lágmarkskjör upp á kr. 200.000,- á mánuði. Aðrir atvinnurekendur en LS hefðu ekki haft skilning á þessari kröfu félagsins. Hann sagðist því hafa séð ástæðu til þess við undirskriftina að

hrósa smábátaeigendum fyrir að fara að vilja Framsýnar. Áðalsteinn sagði að fulltrúar Framsýnar hefðu fram að þessu neitað að þiggja vöflur í Karphúsinu eftir undirritun kjarasamninga til að mótmæla skilningsleysi atvinnurekenda á kröfu félagsins um 200.000 króna lágmarkslaun. Hann hefði hins vegar talið við hæfi eftir undirskriftina að þiggja tertubita og gott kaffi á skrifstofu Landssambands smábátaeigenda enda hefðu þeir gengið að kröfu félagsins um 200.000 króna lágmarkslaun. Þess má geta að beitningamenn geta nálgast kjarasamninginn á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þá verður hann einnig fljótlega kominn inn á heimasíðu félagsins.

Nemendur úr FSH í heimsókn



Góðir gestir úr Framhaldsskólanum á Húsavík komu í heimsókn í lok skólaársins til að kynna sér starfsemi stéttarfélaganna. Mjög gott samstarf hefur verið milli skólans og félaganna um kynningu á félögum og atvinnulífinu á svæðinu. Unglingarnir voru duglegir að spyrja um flest milli himins og jarðar.

Um 900 við störf á Hveravöllum

Það iðaði allt af lífi hjá Garðræktarfélagi Reykhverfinga þegar fulltrúi Framsýnar fór í vinnustaðaheimsókn. Um 14 ársstörf eru hjá fyrirtækinu en athygli vakti fjöldi býflugna sem var við störf í gróðurhúsinu. Þær gegna mikilvægu hlutverki í lífríkinu og að sögn Páls Ólafssonar framkvæmdastjóra eru býflugurnar um níuhundruð. Á síðasta ári framleiddi Garðræktarfélagið um 370 tonn af grænmeti, mest tómötum en fyrirtækið er eitt það stærsta á Íslandi.



Stefán Höfðingi er hér við störf í einu af gróðurhúsinu þar sem kulldanum er ekki fyrir að fara.

Forsetinn fór fögrum orðum um starfsemi Framsýnar



Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, í ræðustól á afmælishátíð Framsýnar.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, fór mjög svo fögrum orðum um starfsemi og málflutning Framsýnar á afmælishátíð félagsins 1. maí. Hann sagði bestu afmælisgjöfina fyrir félagsmenn vera að félagið héldi áfram þeim málflutningi sem félagið stæði fyrir og tekið væri eftir: „Rödd Framsýnar- stéttarfélags Pingeyinga sem netmiðlar og ljósvakinn varpar um þjóðartorgið er rómsterk og áhrifarík; hefur á stundum verið sem samviska

launafólks þegar miklar ákvarðanir eru í vændum,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, meðal annars í ávarpi við hátíðarhöldin á Húsavík þar sem þess var minnst að 100 ár eru liðin frá upphafi stéttarbaráttu í Pingeyjarsýslum. „Á slíkum stundum þarf sterka rödd til að flytja skoðanir sem ríkjandi eru á vinnustöðum; varasamt er að láta bara atvinnumenn í stofnunum og höfuðstöðvum eina ráða för.“ Sagði Ólafur Ragnar.

Vertíð hjá Fjallasýn



Rúnar og samstarfsmenn standa hér við bíl sem þeir nánast smíðuðu á staðnum og er atlað stórt blutverk í ferðum fyrirtækisins í sumar.

Pegar fulltrúar Framsýnar komu við hjá Rúnari Óskarssyni og starfsmönnum Fjallasýnar voru starfsmenn að þrifa og laga bílaflotann sem telur um 15 til 20 bíla af mismunandi stærðum og gerðum. Á ársgrundvelli eru

um 8 stöðugildi hjá fyrirtækinu en yfir sumarið fjölga þeim töluvert þar sem Fjallasýn er ferðaþjónustufyrirtæki og sumarið er jú annasamasti tíminn hvað það varðar.



Það fer töluverður tími í að þrifa bílana eftir notkun. Hér er Benni Donda veiðimaður og bílstjóri að sápuþvo bifreið svo hún glansir fyrir næstu notkun.

Vinnustaðaheimsókn í Laugaskóla



Sigga og Sigrún eru magnaðar, enda báðar búandi í Bárðardal.

Fulltrúar Framsýnar fóru í vinnustaðaheimsókn í Framhaldsskólann á Laugum í Reykjadal í lok skólaársins í vor. Þar var þeim að venju vel tekið í eldhúsinu en þar starfa frábærir starfsmenn sem elda

heimsins besta mat fyrir nemendur og aðra starfsmenn skólans. Góðar samræður áttu sér stað um þau málefni sem starfsmenn og fulltrúar Framsýnar höfðu áhuga á að ræða um.

Þingeyskt handbragð í Hörpunni

Fulltrúar Framsýnar heimsóttu nýlega nokkur fyrirtæki í Reykjaví sem er hluti af sveitarfélaginu Norðurþingi. Þar hefur lengi verið öflug atvinnustarfsemi. Eitt af þeim fyrirtækjum sem verið hefur að gera góða hluti er Sögin ehf. sem er fjölskyldufyrirtæki í eigu Gunnlaugs Stefánssonar og fjölskyldu hans. Árið 1999 keypti fjölskyldan fyrirtækið sem var með rekstur á höfuðborgarsvæðinu og flutti það norður. Væntanlega hefur þetta verið nokkuð stór ákvörðun, það er að færa fyrirtækið frá stærsta markaðssvæðinu norður í einn fámennasta hrepp landsins

smíða veggjaglæðingu í tvo sali í tónlistarhúsið Hörpuna í Reykjavík. Salirnir nefnast Norðurljós og Kaldalón. Að sögn Gunnlaugs tók smíðin um 6 mánuði og kom sér vel fyrir fyrirtækið. Um er að ræða hljóðdeyflæðningar úr Aski. Almennt var Gulli ánægður með reksturinn en sagði þó nokkrar ytri aðstæður ekki hliðhollar atvinnurekstri á landsbyggðinni eins og flutningskostnaður sem væri alltof hár sem kæmi sér illa þar sem hann væri háður aðföngum og flutningum á framleiðslunni suður á höfuðborgarsvæðið sem væri aðal markaðssvæðið.



Gunni er ekki bara góður verkmaður heldur líka frábær bestamaður og á nokkra góða reiðbesta.

á þeim tíma. En menn höfðu trú á verkefninu sem gengið hefur vel frá upphafi og er í dag með 5 stöðugildi í framleiðslu á gólf- og frágangslistum. Sögin er einnig með 2 starfsmenn í Kópavogi, sölumann og markaðs- og verkefnastjóra. Þá hefur fyrirtækið einnig tekið að sér sérverkefni eins og að

Eftir leiðsögn um fyrirtækið og starfsemina var formanni Framsýnar boðið í kaffi þar sem dregin var upp hákarl af bestu gerð með kaffinu. Það var létt yfir starfsmönnum í kaffinu og mörg mál tekin til umræðu, það er allt frá sauðburði til Icesave.

Mótmælt að dómþing leggist af á Húsavík

Framsýn sá fulla ástæðu til að mótmæla því að dómþing leggist af á Húsavík í sumar og flytjist til Akureyrar með verulegri óhagræðingu og kostnaðarauka fyrir íbúa og stofnanir svæðisins. Regluleg dómþing hafa verið haldin

í Þingeyjarsýslum allt frá árinu 1262. Bréf Framsýnar til ráðherra er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins www.framsyn.is. Þar er m.a. skorað á ráðherra að afturkalla boðaðar breytingar þegar í stað.

Afmælisgjöfin góða

Eins og áður hefur komið fram samþykkti aðalfundur Framsýnar að gleðja félagsmenn í tilefni af 100 ára afmæli stéttarbaráttu í Þingeyjarsýslum með smá afmælisgjöf kr. 10.000 per.

félagsmann. Afmælisgjöfina geta menn notað til að niðurgreiða ýmislegt sem er í boði hjá félaginu. Nú þegar hefur fjölmennur hópur nýtt sér afmælisgjöfina sem komið hefur að góðum notum fyrir marga.



Framkvæmdalán

5,5% óverðtryggðir vextir* og engin lántökugjöld

Framkvæmdalán er hagkvæm leið til endurbóta. Lánið er óverðtryggt skuldabréfalán með breytilegum kjörvöxtum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Það býðst einstaklingum með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

Kynntu þér framkvæmdalánin á www.islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 01.05.2011



**Stjórnvöld hafa framlengt átakið
ALLIR VINNA til 1. janúar 2012**

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti og allt að 300.000 kr. skattafrádrátt vegna framkvæmda. Allt um það á www.allirvinna.is.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki